


Grafíkmynd eftir Barböru Árnason.

Meðfylgjandi grein og myndir er framlag Lesbókar til að minnast listakonunnar Barböru Árnason, sem lézt fyrir aldur fram rétt fyrir síðustu áramót. Barbara var í hópi þeirra listamanna, sem lagt hafa Lesbókinni lið og fyrir þremur árum teiknaði hún til dæmis forsíðumynd á jólablað Lesbókar. Yfirlitssýning á verkum hennar að Kjarvalsstöðum fyrr í sumar, vakti verðskuldaða athygli. Eins og þar mátti svo vel sjá, var Barbara jafnvíg á margskonar tækni. Aðalsmerki hennar var þó, að hún gat gert undra fallegar myndir, sem um leið voru feykilega vel gerðar og sterkar myndrænt og þrátt fyrir blíðuna í innihaldi þeirra, voru þær aldrei væmnar.



Það var einmitt þessi einstæða blíða og velvilji, sem var megineinkenni Barböru. Því miður er það sjaldgæf sameining að vera stórbrotinn listamaður og dýrleg manneskja. En þannig var Barbara Árnason, — og þessvegna verður alltaf ljúft að minnast hennar.

GS.

Bragi Ásgeirsson

Þrjár myndir — þrjú tímaskeið

Um list Barböru Árnason í tilefni sýningar á verkum hennar á Kjarvalsstöðum fyrr í sumar

Sjálfsmyndina á forsíðu málaði Barbara Árnason árið 1941 í vatnslitatækni og mun þetta eina varðveitta sjálfsmynd hennar, en hún kann að hafa gert fleiri en eyðilagt þær. Enginn mun hafa fengið að sjá neitt af verkum hennar fyrr en þau voru fullgerð og eru því hér engar tiltækar heimildir. Sjálfsmyndin ber greinilega vott hinnar ensku skólunar listakonunnar, hér er ensk hefð í vatnslitatækni meðhöndluð á fíngerðan kvenlegan hátt. Svipur listakonunnar ungu er einlægur og opinn og svo er sem hún bíði einungis eftir að hefja það lífsverk er við nú þekkjum mörg svo vel. Er eftirtektarvert að listakona sem teiknaði og málaði jafnmikinn fjölda barna- og mannamynda skyldi leggja svo litla rækt við að festa eigin ásjónu á blað eða léreft, og var þó andlitsform hennar sennilega myndrænna og konan glæsilegri flestum þeim er hún gerði skil. Máski stafar það af því hve mikið hún lagði jafnan af sjálfri sér í allar myndir sínar, þær endurspegla hina nærfærnu innri vitund listakonunnar, en annars lýtur fjöldi sjálfsmynda myndlistarmanna, engum sérstökum lögmálum að því er best verður séð. Þannig liggja jafnvel engar sjálfsmyndir eftir marga þeirra, er engu síður voru uppteknir af eigin sjálfi en þeirra er máluðu fjölda sjálfsmynda. Sjálfsrýni og hin áleitna spurning um takmark og tilgang sjálfsins leitar á flesta í einhverri mynd, og hér hefur listakonan Barbara Árnason fest ásjónu æsku sinnar á blað eftir að marka list sinni stærri afrek. Þessi mynd er fyrir margt einkennandi fyrir myndstíl Barböru um alllangt skeið og mettuð viðkvæmni æskunnar í pensildráttum og meðferð litaskalans.

Við upphaf fimmta áratugsins gerist breyting á myndstíl Bar-